

Reykjavík, 11. janúar 2021

Alþingi  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
150 Reykjavík

### Umsögn með frumvarpi til kosningalaga, sbr. þingskjal 401 – 339. mál

Hagstofa Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til nýrra kosningalaga og telur að í því felist mikilvægar umbætur fyrir opinbera hagskýrslugerð. Skiptir þar mestu upptaka rafrænnar kjörskrár en með því skapast forsendur til umbóta í hagskýrslugerð þannig að unnt verður að birta enn betri hagtölur með einfaldari framleiðsluferlum og minni svarbyrði yfirkjörstjórna.

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur<sup>1</sup> um almennar kosningar á Íslandi, samanber umfjöllun um 126. gr. í greinargerð með frumvarpi. Hagstofan hefur til þess safnað upplýsingum um framboð, kjörsókn, niðurstöður, aðstoð á kjörstað og aðra framkvæmd kosninga á grundvelli laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007, 88. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, 116. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 en fyrrgreint ákvæði gildir einnig um kjör forseta Íslands, sbr. 14. grein laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945, auk laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna nr. 91/2010, sbr. 12. gr. Frá árinu 2012 hefur Hagstofa jafnframt aflað upplýsinga frá yfirkjörstjórnnum um aðstoð við kosningu á kjörfundi og frá sýslumönnum um aðstoð við kosningu utan kjörfundar sbr. lög nr. 111/2012 um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna. Hagstofan fær upplýsingar um kennitölur og nöfn frambjóðenda, frá Dómsmálaráðuneyti í sveitarstjórnarkosningum en landskjörstjórn í alþingiskosningum, sem nýttar eru til að vinna upplýsingar um frambjóðendur. Allt frá sveitarstjórnarkosningum 31. maí 2014 hefur Hagstofa Íslands ennfremur staðið að sérstakri gagnasöfnun til að varpa ljósi á kosningaþátttöku eftir aldri<sup>2</sup>. Gagnasöfnun um kjörsókn eftir aldri gekk almennt vel þar til í sveitarstjórnarkosningunum 26. maí 2018 þegar einungis 39 sveitarfélög skiluðu umbeðnum upplýsingum um kjörsókn eftir aldri. Skýrðist þessi dræma þátttaka af efasemdum sveitarfélaganna um lögmati gagnasöfnunar út frá lögum um kosningar til sveitarstjórna vegna svarbyrði og út frá lögum um meðferð persónuupplýsinga þrátt fyrir að

---

<sup>1</sup> Sjá til dæmis útgáfu um niðurstöður alþingiskosninga 28. október 2017  
[https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/4a70b304-09ff-4c6b-adcf-050ac2bef384/pub\\_doc\\_NrY8Wp9.pdf](https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/4a70b304-09ff-4c6b-adcf-050ac2bef384/pub_doc_NrY8Wp9.pdf)

<sup>2</sup> Hinn 16. maí 2014 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 33/143 þess efnis að forsætisráðherra skyldi beina þeim tilmælum til Hagstofu Íslands að safna upplýsingum um kjörsókn eftir fæðingarári í almennum kosningum, sbr. <https://www.althingi.is/altext/143/s/1225.html>

Persónuvernd hefði ekki gert athugasemd við verklag Hagstofunnar. Þessum upplýsingum var í kjölfarið ekki safnað í forsetakosningum 27. júní 2020.

Vegna þeirra vandkvæða sem orðið hafa við gagnasöfnun vegna kosningaþátttöku hefur Hagstofan um árabíl óskað eftir því að lagalegur grundvöllur fyrir skýrslugerð stofnunarinnar um almennar kosningar sé skýr þannig að tryggja megi mikilvægar og traustar tölulegar upplýsingar um kosningar. Telja má að brugðist sé við því í núverandi frumvarpi en þó telur Hagstofan rétt að gera athugasemdir sem hér verða reifaðar.

Í XX. KAFLA um hagskýrslugerð segir í 126. gr. um skýrslur og upplýsingar til Hagstofu Íslands:

Þjóðskrá Íslands skal veita Hagstofu Íslands aðgang að kjörskrá, þ.m.t. rafrænni kjörskrá, til hagskýrslugerðar. Heimilt er að vinna upplýsingar um kjörsókn eftir kyni, aldri, ríkisfangi og búsetu. Hafi sveitarstjórn fengið undanþágu til notkunar prentaðrar kjörskrár skal yfirkjörstjórn senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem stofnunin lætur í té og vinna sérstaklega þær upplýsingar sem Hagstofa Íslands þarfnast. Við vinnslu upplýsinga skv. 1. og 2. mgr. skulu yfirkjörstjórnir og Hagstofa Íslands gæta ákvæða laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Með því að tryggja Hagstofunni aðgang að rafrænni kjörskrá verður með einfaldari hætti hægt að gera fjölbreyttar hagtölur um kosningar fyrir samfélagið sem jafnframt geta nýst til kosningarannsóknna. Hagstofan getur í því skyni nýtt sér ýmsar gagnalindir til að búa til hagtölur um kjörsókn umfram það sem talið er upp í frumvarpi, þ.e. eftir kyni, aldri, ríkisfangi og búsetu, líkt og kemur fram í greinargerð en þar stendur:

Að mati starfshópsins er mikilvægt að safna upplýsingum um kosningaþátttöku til að gera Hagstofunni kleift að vinna talnaefni um kosningaþátttöku eftir kyni, aldri, búsetu, ríkisfangi og öðrum breytum m.a. til þess að fá glögga mynd af framkvæmd kosninga hér á landi og bregðast við ef kosningaþátttaka fer dvínandi.

Ber þar helst að nefna áhrifaþætti samfélagslegrar virkni svo sem erlendan bakgrunn íbúa, búsetulengd á Íslandi, menntunarstöðu og stöðu á vinnumarkaði. Með hagtölum af þessu tagi myndi Ísland skipa sér í hóp þeirra ríkja sem fremst standa í hagtölugerð um kosningar um leið og ítrustu kröfum um meðferð persónuupplýsinga verður áfram fylgt við vinnslu upplýsinga.

Ennfremur vill Hagstofan benda á að mikilvæg forsenda skýrslugerðar er að upplýsingar verði skráðar með skipulögðum hætti í rafræna kjörskrá, það er ekki einungis hvort viðkomandi hafi kosið og hvort kosið hafi verið utan kjörfundar heldur einnig hvort kjósandi hafi notið aðstoðar við kosningu. Rétt er að benda á mikilvægi þess að haft sé samráð við Hagstofu Íslands við endanlega hönnun rafrænnar kjörskrár til að hún nýtist sem best við hagskýrslugerð, sbr. 6.gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007 þar sem stendur að:

Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem halda skrár vegna starfsemi sinnar eða hyggjast halda slíkar skrár skulu hafa samráð við Hagstofuna um gerð nýrra skráa og endurnýjun eða breytingar eldri skráa til að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar.

Til að taka af öll tvímæli um lagalegar grundvöll hagskýrslugerðar um kosningar er því lagt til að 126. gr. verði (breytingartillaga undirstrikuð):

Þjóðskrá Íslands skal veita Hagstofu Íslands aðgang að kjörskrá, þ.m.t. rafrænni kjörskrá, til hagskýrslugerðar. Heimilt er að vinna upplýsingar um kjósendur, aðstoð á kjörstað og kjörsókn eftir kyni, aldri, ríkisfangi, búsetu og öðrum þeim breytum sem varpað geta ljósi á kjörsókn og framkvæmd kosninga. Hafi sveitarstjórn fengið undanþágu til notkunar prentaðrar kjörskrár skal yfirkjörstjórn senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem stofnunin lætur í té og vinna sérstaklega þær upplýsingar sem Hagstofa Íslands þarfnast. Við vinnslu upplýsinga skv. 1. og 2. mgr. skulu yfirkjörstjórnir og Hagstofa Íslands gæta ákvæða laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Virðingarfyllst,  
f.h Hagstofu Íslands.



---

Hrafnhildur Arnkelsdóttir  
Sviðsstjóri